



# Skattaspor

Arctic Fish ehf. fyrir árið 2018

Skattasvið KPMG

---

—  
Ágúst 2020

## Frekari upplýsingar í tengslum við þessa skýrslu veita:

**Ágúst Karl Guðmundsson**

Partner

□ 545 6152

✉ akgudmundsson@kpmg.is

**Anna María Ingvarsdóttir**

Senior Manager

□ 545 6231

✉ aingvarsdottir@kpmg.is

## Í heimi aukinna væntinga

Skattlagning og skattgreiðslur eru þýðingamiklir þættir í opinberri umræðu. Með aukinni áherslu hagsmunaraðila á ófjárhagslegar upplýsingar getur miðun upplýsinga um skattaspor félaga verið mikilvægt innlegg.

Aukið gegnsæi um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga er eitt af þeim atriðum sem lánveitendur líta til við mat á viðskiptavinum.

Í samkeppnisumhverfi getur það veitt ákveðið forskot að birta viðbótarupplýsingar um skattalega stöðu fyrirtækis.

Skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur í framlagi fyrirtækja til samfélagsins og þeiri félagslegu uppbyggingu sem þar á sér stað.

## Samskipti

Árangur í viðskiptum byggir ekki eingöngu á því sem gert er, heldur einnig á því sem sagt er og hvernig samskipti eru við hagsmunaaðila.

Miðun upplýsinga um skattamál þarf ávaltt að vera vönduð og skýr til að fyrirbyggja mögulega mistúlkun.

## Skattaspor

Skattaspor fyrirtækis innifelur allar greiðslur sem viðkomandi fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða auk skatta sem innheimtir eru fyrir hönd yfirvalda og skilað til þeirra.

Í skýrslu þessari eru veittar upplýsingar um skattaspor samstæðu Arctic Fish ehf. 2018 sundurliðað á þær tegundir skatta og gjalda sem félöginn stóðu skil á.

Markmið með birtingu upplýsinga um skattaspor fyrirtækjanna er að sýna hvað rekstur þeirra á árinu 2018 skiluðu til samfélagsins í formi skatta og gjalda.



# Orðskýringar



## Fjárhagslegt verðmæti

Er jafnt heildartekjum fyrirtækis og innifelur rekstrartekjur, fjármunatekjur og söluhagnað eigna. Er sett fram sundurliðað eftir ráðstöfun þess.



## Skattaspor fyrirtækis

Innifelur skatta og gjöld sem greidd eru til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða (gjaldfærðir skattar), auk skatta sem innheimtir eru og staðið skil á til yfirvalda.



## Gjalfdfærðir skattar

Skattar og gjöld sem teljast kostnaður fyrirtækis og hafa áhrif á afkomu þess. Lögboðin gjöld á launagreiðslur til starfsmanna s.s. tryggingagjald og mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóði falla einnig hér undir.



## Innheimtir skattar

Innheimtir skattar teljast ekki gjöld fyrirtækis en eiga sér uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyrir.



## Skattar á tekjur

Skattar lagðir á veltu og/eða hagnað. Fyrst og fremst er um að ræða tekjuskatt.



## Fasteignaskattar

Skattar vegna kaupa, sölu, eignarhalds eða notkunar á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.



## Starfsmannaskattar

Skattar og gjöld sem tengjast starfsmönnum fyrirtækis og skuldbindingum vegna þeirra.



## Vöru-, viðskipta- og framleiðsluskattar

Skattar og gjöld lögð á og innheimt af fyrirtæki vegna sölu á vörum og þjónustu til viðskiptavina. Hafnargjöld vegna löndunar afla hjá útgerðarfyrirtækjum fellur einnig hér undir.



## Grænir skattar

Skattar lagðir á vegna umhverfissjónarmiða sem hafa það að markmiði að mynda hvata til að draga úr losun skaðlegra efna eða skattar á vörur sem eru skaðlegar umhverfinu.



## Afdráttarskattar

Skattar á tekjur lagðar tekjur þar sem þær eru upprunnar. Afdráttarskattar finnast í flestum skattkerfum og eru lagðir á arð, vexti, þóknarir og sambærilegar tekjur.



## Virðisaukaskattar

Er lagður á söluverð vörus og þjónustu sem útskattur og greiddur af aðföngum og aðkeyptri þjónustu og telst innskattur. Mismun útskatts og innskatts er skilað í ríkissjóð eða fæst endurgreiddur. Virðisaukaskattur telst ekki til skattaspors nema þegar selt er til endanlegs neytanda og ef um er að ræða innskatt sem ekki er heimilt að nýta og telst til rekstrarkostnaðar fyrirtækis.

# Grunnurinn að greiningunni

## Inngangur

Arctic Fish hefur í yfir áratug stundað fiskeldi bæði á landi og sjó á Vestfjörðum. Arctic Sea Farm hóf eldi í Dýrafirði árið 2009 og uppbygging seiðaeldiskluta starfseminnar hjá Arctic Smolt hófst í kjölfarið. Á landsvæði félagsins í botni Tálknafjarðar hafa verið reistar stærstu byggingar Vestfjarða. Jarðhitavatn úr borholum í Tálknafirði eru nýttar í einni tæknivæddustu landeldisstöð í heimi sem byggir á vatnsendurnýtingarkerfi. Frá stofnun félagsins hafa höfuðstöðvar Arctic Fish verið í Ísafjarðarbæ og er heildarfjöldi starfsmanna þess í land- og sjóeldi á Vestfjörðum nú á sjöunda tug.

Arctic Fish byggir starfsemi sína á framleiðslu umhverfisvænna matvæla í einstöku umhverfi Vestfjarða þar sem stóreiði eru alin við jarðvarma og áframeldi í sjó við köldustu aðstæður fyrir laxfiskaeldi í heimi. Það hefur verið áskorun að byggja upp fiskeldi í fjarlægð frá helstu mörkuðum afurðanna og við krefjandi umhverfisaðstæður. Reynslan hefur þó sýnt að með góðu starfsfólki, uppbyggingu reynslu og tæknipekkingar hefur Arctic Fish náð að framleiða vörum sem er eftirsótt á heimsmarkaði.

Arctic Fish fékk árið 2014, fyrst íslenskra eldisfyrirtækja, vottun fyrir lífrænt silungseldi og í kjölfarið var byrjað að undirbúa vottun laxeldis samkvæmt öðrum víðtækari umhverfiseldisstaðli, ASC (Aquaculture Stewardship Council). Arctic Fish var fyrsta félagið á Íslandi til þess að fá ASC vottun og hefur frá árinu 2015 fengið endurvottun samkvæmt þessum kröfuharða umhverfisvottunarstaðli fyrir fiskeldi.

Laxeldisfyrirtæki sem hljóta ASC vottun skuldbinda sig til að lágmarka áhrif á umhverfið á ýmsa vegu þar sem taka þarf tillit til villtra laxfiskastofna, fugla, sjávarsþendýra og annarra lífvera sem búa í námunda við eldissvæðin. Markmiðið er að lágmarka umhverfisáhrif vegna eldisins og að fiskeldið sé stundað í sátt við samfélög og íbúa. Arctic Fish leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og er það metnaður fyrirtækisins að öll starfsemi þess endurspegli ábyrgð gagnvart umhverfinu og samfélaginu.

Arctic Fish hefur auk landeldisins í Tálknafirði, sem er í raun lengsti hluti eldisferils laxins, verið í áframeldi í sjó í Patreksfirði, Tálknafirði, Dýrafirði og Önundarfirði. Einnig er félagið komið langt í umhverfisvottunarferli með aukna uppbyggingu árgangaskipts eldis í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi.

Arctic Fish hefur á undanförnum árum unnið að uppbyggingu eldisframleiðslu sinnar með góðu starfsfólki og stuðningi síns nærsamfélags. Þetta er lykillinn að áframhaldandi innviðauppbyggingu og vexti umhverfisvænnar matvælaframleiðslu á Vestfjörðum til framtíðar.



# Grunnurinn að greiningunni

## Forsendur

Skýrsla þessi er unnin af KPMG fyrir stjórnendur Arctic Fish ehf. KPMG aflaði upplýsinga um skattaspor Arctic Fish. með því að senda spurningarlista til stjórnenda fyrirtækisins. KPMG hefur reitt sig á nákvæmni þeirra upplýsinga en hefur hvorki endurskoðað né sannreynt þær.

## Umfang skýrslunnar

Fjárhagsupplýsingar í skýrslu þessari ná til allra félaga innan samstæðu Arctic Fish ehf. sem innifelur einnig Arctic Sea Farm hf., Arctic Smolt hf., og Arctic Odda ehf.

Allar fjárhæðir eru settar fram í milljónum króna (m.kr.) nema annað sé tekið fram.

Í textanum hér á eftir er jöfnum höndum fjallað um „Arctic Fish“, „félögin“ og „fyrirtækin“.



# Hvað felst í skattaspori fyrirtækisins

## Skattaspor Arctic Fish


Verðmætasköpun sem verður til í starfsemi fyrirtækjanna hefur þau áhrif að þau standa skil á margvíslegum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Skattaspor félaganna samanstendur því bæði af sköttum sem eru gjaldfærðir í rekstri þeirra og þeim sköttum sem félöginn innheimta og standa skil á. Skattasporið vísar því til þeirra skatta og gjalda sem myndast vegna þeirrar verðmætasköpunar sem rekstur félaganna skilar.

Á árinu 2018 nam skattaspor félaganna samtals 142,7 m.kr. og skiptist þannig að gjaldfærðir skattar námu 79,1 m.kr. og innheimtir skattar námu 63,7 m.kr. Gerð er nánari grein fyrir skattgreiðslum ársins 2018 í umfjöllun hér á eftir.

Félöginn greiddu virðisaukaskatt að fjárhæð 584,5 m.kr. vegna kaupa á aðföngum og þjónustu sem myndaði rétt til endurgreiðslu. Útskattur sem lagður var á sölu innanlands nam 103,5 m.kr. en ekki er lagður virðisaukaskattur á tekjur vegna útflutnings. Mismunurinn nam 481,0 m.kr. sem félöginn fengu endurgreitt. Þar sem virðisaukaskattur sem tengist rekstri félaganna er annað hvort útskattur hjá seljendum vöru og þjónustu eða frádrátabær innskattur hjá kaupendum afurða telst sá virðisaukaskattur ekki til skattaspors þess.

Einu áhrif virðisaukaskatts sem ber að innfela í skattspori fyrirtækjanna er innskattur sem greiddur er og fæst ekki endurgreiddur og/eða útskattur af sölu til endanlegra neytenda.




# Upplýsingar um skattaspor fyrirtækisins

## Lykilatriði úr greiningunni

Helstu niðurstöður um skattaspor félaganna eru þessi:

- Verðmætasköpun af rekstri félaganna á árinu 2018 nam 78,6 m.kr. Þá var ráðstafað til rekstrarins 1.722,5 m.kr. sem ýmist var eignfært eða gjaldfært. Þessum fjárhæðum var ráðstafað til samfélagsins með margvislegum hætti s.s. með launagreiðslum til starfsmanna, greiðslum á launatengdum gjöldum, kaupum á aðföngum frá birgjum, greiðslu annarra opinberra gjalda o.s.frv.
- Skattbyrði félaganna vegna ársins 2018 nam 79,1 m.kr. eða 101% af verðmætasköpun þeirra en um 45% fjárhæðarinnar eru lögboðin gjöld vegna starfsmanna og um þriðjungur eru leyfisgjöld.
- Til viðbótar við skatta sem gjaldfærðir voru hjá félögunum, innheimtu þau og stóðu skil á sköttum og gjöldum sem ekki eru gjöld þeirra en tengjast rekstrinum og þeim verðmætum sem hann skilar með beinum hætti. Slíkir innheimtit skattar námu 63,7 m.kr. á árinu 2018.
- Skattaspor félaganna nam því samtals 142,7 m.kr. á árinu 2018. Í yfirlitnu hér til hliðar er nákvæm sundurliðun á þeim sköttum og gjöldum sem mynda skattaspor félaganna.



# Skattaspor félaganna

## Skattaspor

Skattaspor félaganna nam samtals 142,7 m.kr. á árinu 2018 og greinist í gjaldfærða skatta og innheimta skatta.


## Gjaldfærðir skattar

Gjaldfærðir skattar í rekstrarreikningi námu samtals 79,1 m.kr. Af þeim voru 41,5 m.kr. greiddar í ríkissjóð, 21,5 m.kr. til lífeyrissjóða og 16,1 m.kr. til sveitarfélaga í formi fasteignagjalda og leyfisgjalda.

## Innheimtir skattar

Innheimtir skattar voru samtals 63,6 m.kr. og voru eingöngu greiðslur vegna launþega.

Samtals námu greiðslur til ríkisjóðs 28,3 m.kr. Útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga námu 24,3 m.kr. og framlög starfsmanna til lífeyrissjóða námu 11,0 m.kr.




# Gjaldfærðir skattar og gjöld

## Gjaldfærðir skattar og gjöld

Gjaldfærðir skattar og gjöld í rekstri námu samtals 79,1 m.kr. og eru einkum vegna eftirfarandi:


- Lögboðin gjöld vegna starfsmanna sem gjaldfærð eru hjá fyrirtækini svo sem mótframlag í lífeyrissjóði og tryggingagjald
- Leyfisgjöld
- Skattar á eignir, einkum fasteignagjöld
- Hafnargjöld
- Aðrir skattar, einkum vörugjöld og innflutningsskattar

## Gjaldfærðir skattar og gjöld



- Skattbyrði félags vegna starfsmanna
- Leyfisgjöld
- Skattar á eignir
- Hafnargjöld
- Aðrir skattar

## Gjaldfærðir skattar og gjöld, eftir tegundum



# Innheimtir skattar

## Innheimtir skattar

Innheimtir skattar námu 63,6 m.kr. og eru eingöngu vegna skatta af launum starfsmanna sem innifela útsvarsreiðslur til sveitarfélaga að fjárhæð 24,3 m.kr. og tekjuskatt í ríkissjóð að fjárhæð 28,3 m.kr. Að auki eru 11,0 m.kr. dregnar af launum starfsmanna og staðið skil á til lífeyrissjóða.





[kpmg.com/socialmedia](http://kpmg.com/socialmedia)



[kpmg.com/app](http://kpmg.com/app)

© 2020 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.